

Erindi: Athugasemdir Landssambands Línubáta við drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr.116/2006. 447. Mál

Undirritaður f.h. stjórnar Landssambands Línubáta (LL) vilja koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum við framkomið frumvarp, mál nr. 447:

1 grein.

Í stað: 15 brúttótonnum að stærð standi : 15 metrar mesta lengd.

Með því yrði mikil einföldun og sparnaður bæði fyrir hið opinbera og útgerðir, þar sem M L er alþjóðleg mælieining á skip sem allar þjóðir nota meðan brúttó-tonn er sér íslenskt með margar og flóknar undanþágur á bátum undir 15 metrum.

Siglingastofnun þarf stanslaust að gefa út nýjar verklagsreglur þar sem reynt er að samræma og koma í veg fyrir nýjar útfærslur á umræddum undanþágum, auk þess að mikill og dýrmætur tími tæknideildar fer í að fara yfir teikningar og sannreyna hvort undanþágur eigi við eða ekki. Má þar benda á Verklagsreglur nr.25.03.02.02 sem var gefið út 15-02-2005 og svo Verklagsreglur nr.25.03.02.03 sem gefið var út 31-01-2006 sem fylgja þessari umsögn.

Til marks um flækjustigið má benda á að Siglingastofnun sá ástæðu til að hafa í áðurgetinni Verklagsreglu sérstakan lið (3) sem heitir ORÐ OG HUGTAKSSKÝRINGAR. Þar má finna orð eins og skutgeymi, síðustokk, stýriskassa og skriðbretti svo eitthvað sé nefnt.

Einnig er rétt að benda á að í umræddri Verklagsreglu er talað um ATHAFNASVÆÐI AFTAN VIÐ BÁTINN, er ekki skynsamlegra að hafa athafnasvæðið fyrir innan bát þegar veitt er við strendur Íslands.

Nýjustu bátarnir sem smíðaðir eru fyrir krókaafلامarkskerfið í dag eru allir með stýrisbúnaðinn fyrir aftan bát sem þýðir að ef bilar olíuslanga (sem gerist býsna oft) er eðli málsins samkvæmt ekki hægt að skipta um hana nema í landi og er þá skipið stjórnlaust og þarf aðstoð til að komast í land. Þar að auki lekur olía í sjóinn með tilheyrandi mengun í stað þess að leka ofan í bát þar sem hægt er að hreinsa hana upp.

Í alþjóðlegum reglum um smíði skipa, er skipum skipt í flokka eftir mestu lengd (ML) og á það einnig við um öryggisbúnað og eftirlit.

Ísland er aðili að Norðurlandareglum um smíði og búnað báta með mestu lengd allt að 15 metrum. Það hlítur því að vera mikil hagræðing í því að nota staðlaðar stærðir við að afmarka fiskiskip í veiðiflokka líkt og gert er með eftirlits og öryggismálin, frekar en að gera það með flóknum úrreikningum.

Þörfin fyrir stækkun bátanna er mikil. Útgerðir hafa verið að stækka bátana með breytingu sem teljast ekki inn í stærðarmælingu með því að hengja á þá svalir, síðustokka og flotkassa, þannig í reynd sumir bátar komnir yfir 13 metra lengd. Með stækkun bátanna fæst nægilegt pláss sem myndi gjörbreyta allri vinnutilhögun um borð til batnaðar. Meðferð á afla mun batna þegar hægt er að ganga strax frá honum í þau ílát sem hann er fluttur til í vinnslu.

Mál þetta snýr fyrst og fremst að því hvort vilji sé fyrir því í stjórnsýslunni að bæta úr þessu svo vel verði við unað. Að heimila stækkun krókaafلامarksbátanna í allt að 15 metrar er ekki útafakstur frá þeirri stefnu sem mörkuð hefur verið, né þeirri þjóðarsátt sem til varð 2002, til aðgreiningar á þessum tveimur kerfum sem skilgreind eru í lögum um stjórn fiskveiða. Tilgangur með stækkun báta í krókaafلامarkerskerfinu beinist ekki eingöngu að samræmingu Norðurlandareglna heldur einnig að öryggi og vinnuumhverfi um borð og betri meðferð á afla. Hér er um nauðsynlega aðgerð að ræða svo aðbúnaður og hollustuhættir um borð í umræddum bátum sé viðunandi sem og samræmingu á íslenskum lögum við það sem gerist í þeim löndum er við gjarnan miðum okkur við eins og áður segir.

2. grein.

a.

Með því að breyta 6000 lestum í 3,6% er verið að stækka strandveiðipottinn og auka þar með það magn sem veitt er á óhentugum tíma. Það hefur komið í ljós sem reyndar sumir bentu á strax við upphaf strandveiða, að fiskverð á fiskmörkuðum lækkar verulega á meðan strandveiðar standa yfir en það er einmitt þegar mörg fiskvinnsluhús hafa lokað vegna sumarleyfa. Auk þess er fiskur mjög viðkvæmur á þessum tíma og er því ekki ráðlegt að auka veiðar á meðan svo er í ofanálág eru flest allir þeir bátar sem stunda strandveiðar ekki búnir til meðhöndlunar og kælingar eins og kröfur eru uppi um nú orðið. Þess vegna mælir LL eindregið með því að þessari reglu verði ekki breytt.

d 1.


Reynsla af sóknardagakerfi var ekki góð hvorki fyrir útgerð né sem stjórnkefi og þess vegna var hún lögð af. Þess vegna er ekki ráðlegt að byrja á því aftur.

3. grein.

Mjög varhugavert er að sníða lög utan um eitt ákveðið skip eins og gert er í þessu tilfelli. Mikil hættu er á skaðabótaskyldu ríkisins, en margar útgerðir hafa gert smávægilegar breytingar á sínum bátum eftir að þetta frumvarp var lagt fram og fengið þá mælda yfir 15 brúttótonn. Var þetta gert með það að leiðarljósi að stækka bátana og þar með auka öryggi, meðferð afla og þar með hollustuhætti. Þar að auki eru bátar sem mældir voru samkvæmt eldri reglum undir 15 brúttótonnum nú en myndu mælast yfir 15 brúttótonn samkvæmt nýju reglunum.

Virðingafyllst.

f.h. Landssamband Línubáta.


Reynir Þorsteinsson – framkvæmdastjóri Landssambands Línubáta